

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 15. mars 2019
UST201903-085/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Miklaholtshellir 2 í Flóahreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Flóahrepps er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Miklaholtshelli 2 í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið gerir ráð fyrir tveimur 1.500 m² húsum fyrir lífræna eggjaframleiðslu. Tillagan gerir ráð fyrir að allt að 18.000 fuglum í húsunum.

Auk þess kemur fram að fyrir er á lóðinni 1330 m² hús fyrir 18.000 varphænur og heildarfjöldi alifugla á svæðinu yrði þá samtals 36.000 fuglar.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir mikilvægi þess að það komi fram í tillöggunni hvað verður gert við úrgang frá fuglabúinu, en samkvæmt gr. 5.3.2.13. Skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 þar sem fjallað er um mannvirki og starfsemi á landbúnaðarsvæðum segir: „*Gera skal grein fyrir og setja skilmála um mannvirki og tegund af landbúnaðarstarfsemi á bújörðum. Þegar um þauleildi er að ræða, skal gera grein fyrir áætluðum fjölða dýra, meðferða úrgangs og fjarlægð til aðliggjandi byggðar.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan fari eftir landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013-2024 og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í áætluninni eru sett fram tímasett markmið sem öll miða að því að bæta nýtingu auðlinda og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem myndun og meðhöndlun úrgangs hefur á umhverfið og heilsu manna.

Helstu umhverfisáhrif sem ber að varast við rekstur alifuglabús er útskolun næringarefna við dreifingu húsdýraáburðar (hænsnaskíts) og lyktarmengun. Að mati stofnunarinnar er

mikilvægt að gert verði grein fyrir skilmálum meðhöndlunar húsdýraáburðar í deiliskipulagi með það að markmiði að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar.

Umhverfisstofnun bendir á að meðhöndlun lífræns úrgangs skal vera í samræmi við rg. nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs þar sem fram kemur að lífrænn úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur